

23.05.2023

Innlendar sérhæfðar fjárfestingar

Hjá Frjálsa er lögð rík áhersla á gagnsæi og greinamikið upplýsingaflæði til sjóðfélaga. Á vefsíðu sjóðsins er að finna [Lykilupplýsingar](#) þar sem helstu lykilatriði úr starfsemi sjóðsins er að finna en Frjálsi hefur reglulega birt fræðslugreinar um hin ýmsu málefni sem snúa að sjóðnum og sem áframhald á þeirri vegferð er í umfjölluninni hér að neðan farið yfir eignasafn sjóðsins í innlendum sérhæfðum fjárfestingum.

Innlendar sérhæfðar fjárfestingar


Áhættudreifing er mikilvægur þáttur í uppbyggingu eigna, sérstaklega þeirra sem hafa langan fjárfestingartíma, þar sem með henni má halda fram að dregið sé úr sveiflum í ávöxtun. Með hliðsjón af þessu hefur stjórn Frjálsa sett sér það markmið í fjárfestingarstefnu undanfarinna ára að byggja upp dreift og fjölbreytt eignasafn bæði innanlands og erlendis.

Segja má að með breyttu fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 hafi Frjálsi hafið vegferð sína í innlendum sérhæfðum fjárfestingum. Slíkar fjárfestingar hafa verið eyrnamerktaðar með þeim hætti að þær feli almennt í sér lengri binditíma, eru oft óskráðar og illseljanlegri en hefðbundnari fjárfestingar. Væntingar um ávöxtun eru að jafnaði hærrí en hefðbundinna fjárfestingarkosta en að sama skapi fylgir þeim oft heldur meiri áhætta. Dæmi um sérhæfðar fjárfestingar eru framtaksfjárfestingar, fasteignafjárfestingar, sérhæfð lán og fjárfestingar í innviðum auk annarra verkefna. Mikil þekking innanlands hefur byggst upp undanfarin ár og talsverð gróska hefur verið í hérlendu fyrirtækjaumhverfi. Tækifæri hafa myndast til fjárfestinga í vísisjóðum (e. Venture) og hefur Frjálsi fjárfest í þremur vísisjóðum. Ásamt sjö öðrum nýfjárfestingum sem falla undir framtaksfjárfestinga, fjárfestinga í innviðum og sérhæfðum lánnum en einnig sem meðfjárfesting síðastliðinn tvö ár.

Á heildina litið hefur vegferð sjóðsins í innlendum sérhæfðum fjárfestingum gengið vel, en þó eru dæmi um fjárfestingar sem hafa gengið verr en upphaflegar forsendur gerðu ráð fyrir. Sem dæmi um slíkt má nefna kísilverið Sameinað Sílikon sem tapaðist að fullu. Eins má nefna kísilver PCC á Bakka við Húsavík en sú fjárfesting hefur gengið verr en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Frá árinu 2008 hefur eignaflokkurinn, innlendar sérhæfðar fjárfestingar í heild sinni, skilað um 10.450 milljón króna hagnaði af heildarfjárfestingu upp á um 35.379 milljónir króna. Á myndinni hér að neðan má sjá árangur einstakra fjárfestinga Frjálsa sem er nýhafnar, komnar langt á veg eða lokið (dökk gráar súlur).

Hagnaður/tap í milljónum króna af sérhæfðum innlendum fjárfestingum



Framtaksfjárfestingar:

- Framtaksfjárfestingarsjóðurinn HORN II: Árið 2013 ákvað Frjálsi að fjárfesta í framtaksfjárfestingarsjóðnum Horn II á vegum sjóðastýringarfélagsins Landsbréfa sem meðal annars fjárfesti í félögunum Hvatningu, stærsta eiganda Bláa Lónsins, Fáfni Offshore og Kea hótélum. Árleg ávöxtun er um 25%.
- Íslenski Athafnasjóðurinn: Árið 2011 ákvað Frjálsi að taka þátt í Íslenska athafnasjóðnum á vegum Stefnis sem meðal annars fjárfesti í Högum, Sjóvá og óó Norður. Árleg ávöxtun er um 17%.
- Íslenski Athafnasjóðurinn II: Árið 2013 fjárfesti Frjálsi í framhaldssjóð Íslenska athafnasjóðsins á vegum Stefnis, Íslenska athafnasjóðsins II. Sjóðurinn fjárfesti meðal annars í Festi, Skeljungu og Verne Global. Árleg ávöxtun er um 14%.
- Íslenski Athafnasjóðurinn III: Árið 2016 fjárfesti Frjálsi í framhaldssjóði Íslenska athafnasjóðsins á vegum Stefnis sem meðal annars fjárfesti í Reykjavík EDITION, Terra, Hamri, Lyfju og Men&Mice. Árleg ávöxtun er um 12%.
- Edda slhf: Árið 2013 fjárfesti Frjálsi í innlenda framtakssjóðnum Eddu hjá sjóðastýringarfyrirtækinu Virðingu. Sjóðurinn fjárfesti meðal annars í Dominos, Securitas, Marorku og Íslands hótélum. Árleg ávöxtun er um 10%.
- Framtaksfjárfestingarsjóðurinn HORN III: Árið 2016 fjárfesti Frjálsi í framtaksfjárfestingarsjóðnum Horn III á vegum sjóðastýringarfélagsins Landsbréfa sem meðal annars fjárfestir í Ölgerðinni, Hópbílum og Bílaleigu Flugleiða. Árleg ávöxtun er um 4%.
- TFI: Árið 2017 fjárfesti Frjálsi í TFI, upphaflega á vegum Íslenskra verðbréfa, sem hefur fjárfest í Hreinsitækni, Hringrás, Coripharma og Genis. Árleg ávöxtun er hingað til um 3%.
- Kjölfesta: Árið 2012 fjárfesti Frjálsi í framtakssjóðnum Kjölfestu sem var samstarf Virðingar og ALM ráðgjafar. Sjóðurinn fjárfesti meðal annars í Meniga, Oddi, Senu, Íslands hótél. Árleg ávöxtun er um 1%.
- Íslenski Athafnasjóðurinn IV: Árið 2021 fjárfesti Frjálsi í framhaldssjóði SÍA á vegum Stefnis sem meðal annars er búð að fjárfesta í VAXA, Good Good og Rotovia. Þessi fjárfesting er skammt á veg kominn.
- VEX I: Árið 2021 fjárfesti Frjálsi í framtakssjóðnum VEX. Sjóðurinn hefur nú fjárfest í AGR Dynamics, Opin kerfi og Annata. Þessi fjárfesting er skammt á veg kominn.
- Framtaksfjárfestingarsjóðurinn Horn IV: Árið 2021 fjárfesti Frjálsi í framtaksfjárfestingarsjóðnum Horn IV á vegum sjóðastýringarfélagsins Landsbréfa sem hefur fjárfest í GoPro, S4S og Eðalfangi. Þessi fjárfesting er skammt á veg kominn.

Vísis fjárfestingar:

- **Iðunn framtakssjóður:** Árið 2021 fjárfesti Frjálsi í framtakssjóðnum Iðunn á vegum Kvika eignastýringar. Sjóðurinn hefur nú fjárfest meðal annars í Coripharma, EpiEndo Pharmaceuticals, Kara Connect og NeckCare Holding. Þessi fjárfesting er skammt á veg kominn.
- **Crowberry II:** Árið 2021 fjárfesti Frjálsi í vísisjóðnum Crowberry II. Sjóðurinn fjárfestir bæði í innlendum og erlendum vaxtarfélögum og hefur fjárfest meðal annars í Clutch, Rocky Road, GemmaQ, Tiimo, Embla og GreenBytes. Þessi fjárfesting er skammt á veg kominn.
- **Eyrir Vöxtur:** Árið 2021 fjárfesti Frjálsi í Eyri vöxtur á vegum Eyrir Invest. Sjóðurinn hefur fjárfest í PayAnalytics, Passio, Justikal, FÓLK og Tulipop. Þessi fjárfesting er skammt á veg kominn.

Fjárfestingar í innviðum:

- **Innviðir fjárfestingar:** Árið 2015 fjárfesti Frjálsi í innviðasjóði sem m.a. fer með eignarhlut í HS Veitum. Árleg ávöxtun er um 14%.
- **Innviðir fjárfestingar II:** Árið 2022 fjárfesti Frjálsi í framhalds innviðasjóði í rekstri Summu sem fer m.a. með eignarhlut í Milu ehf. Þessi fjárfesting er skammt á veg kominn.

Fasteignafjárfestingar:

- **Fasteignasjóður SRE II:** Árið 2012 tók LSBÍ þátt í fasteignasjóðnum SRE II á vegum sjóðastýringarfyrirtækis Stefnis þar sem meðal annars var fjárfest í húsnæði Nýherja, Hótel Borg og höfuðstöðvum Advania. Árleg ávöxtun fjárfestingarinnar á eignarhaldstíma sjóðsins var um 24%.
- **Fasteignasjóður SRE I:** Árið 2011 tók LSBÍ þátt í fasteignasjóðnum SRE I á vegum sjóðastýringarfyrirtækis Stefnis sem var stofnað utan um kaup á fasteigninni Þingvallastræti 23 (Icelandair Hótelinu á Akureyri). Árleg ávöxtun fjárfestingarinnar á eignarhaldstíma sjóðsins var um 13%.
- **FAST - I:** Árið 2012 tók Frjálsi þátt í fasteignasjóðnum FAST-I á vegum sjóðastýringarfélagssins Íslandssjóða sem meðal annars fjárfesti í Höfðatorgi, húsnæði Ríkislögreglustjóra og Fjárslu ríkisins. Árleg ávöxtun fjárfestingarinnar á eignarhaldstíma sjóðsins var um 9%.

Fjárfestingar í sérhæfðum lánum:

- **Veðskuldabréfasjóðir:** Á árunum 2014-2021 hefur Frjálsi fjárfest í veðskuldabréfasjóðunum Alda Credit Fund (I, II, III), Veðskuld (II, III), ST1 fagfjárfestasjóður, SÍL og Landsbréf Veðskuldabréfasjóð (I, II) en um er að ræða fjárfestingu í innlendum veðskuldabréfum þar sem undirliggjandi eru meðal annars skuldabréf með veð í fasteignum. Árleg ávöxtun veðskuldabréfasjóðanna er um 8%.

- Ármúli lánasafn: Árið 2015 fjárfesti Frjálsi í fagfjárfestastjóði í rekstri Stefnis. Um var að ræða eignatryggt skuldabréf til fjármögnunar á skilgreindu lánasafni MP banka. Árleg ávöxtun er um 7%.
- AL 2 fagfjárfestastjóður: Árið 2018 fjárfesti Frjálsi í AL 2 á vegum Stefnis sem var fjárfesting í óskráðum skuldaviðurkenningum fyrirtækja í gegnum Kviku banka hf. Árleg ávöxtun er um 5%.

Beinar fjárfestingar/meðfjárfestingar:

- HSV Eignarhaldsfélag (HS Veitur): Árið 2015 fjárfesti Frjálsi í félaginu HS Veitum, sem er innviðafjárfesting í tengslum við vatnsdreifikerfi. Árleg ávöxtun frá fjárfestingu er um 27%.
- SF V (Festi): Árið 2014 fjárfesti Frjálsi í félagi sem var stofnað utan um fjárfestingu í fyrirtækinu Festi, sem á sínum tíma voru meðal annars verslanirnar Krónan og Elko. Árleg ávöxtun fjárfestingarinnar var um 27%.
- SF 1 (Sjóvá): Árið 2011 fjárfesti Frjálsi í SF 1 sem fór með eignarhlut í Sjóvá - Almennum tryggingum hf. Árleg ávöxtun er um 26%.
- Hvatning (Bláa lónið): Árið 2019 fjárfesti Frjálsi í sjóði á vegum Landsbréfa sem fer með eignarhlut í Bláa lóninu. Árleg ávöxtun er hingað til um 9%.
- SF VI slhf (Verne Global): Árið 2014 fjárfesti Frjálsi í SF VI á vegum Stefnis sem var fjárfesting í Gagnaverinu Verne Global á Reykjanesi. Árleg ávöxtun er um 8%.
- Jarðvarmi (HS Orka): Árið 2011 fjárfesti Frjálsi í HS Orku, sem er innviðafjárfesting í tengslum við sölu endurnýjanlegra orkugjafa. Árleg ávöxtun frá þeim tíma er um 7%.
- Blávarmi (Bláa lónið): Árið 2019 fjárfesti Frjálsi í Blávarma sem fjárfestir í Bláa lóninu. Árleg ávöxtun um 6%.
- PCC Bakki: Árið 2015 fjárfesti Frjálsi í kísilverksmiðju PCC við Húsavík. Þrátt fyrir að líftíma verkefnisins sé ekki lokið og ekki komið að endapunkti þá hafa erfiðleikar í rekstri og aukin fjárförf orðið til þess að sjóðurinn hefur fært eignina niður í 71% af fjárfestingu.
- United Silicon: Árið 2015 fjárfesti Frjálsi í kísilverinu United Silicon í Helguvík á Reykjanesi. Sívaxandi rekstrarerfiðleikar og rökstuddur grunur um sviksemi varð þess valdandi að fjárfestingin tapaðist að endingu að fullu en hún nam um 0,3% af eignum sjóðsins.

Líkt og hefur komið fram er Frjálsi stöðugt að leitast við að stækka mengið í þessum flokk sérhæfðra fjárfestinga. Undanfarin ár hefur nýjum fjárfestingum verið bætt í safnið. Dæmi um fjárfestingar sem hefur nýlega verið bætt við eru: SÍL 2 hs. og CP Invest slhf. (Coripharma). Vert er að koma inn á að með slíkar fjárfestingar þykir eðlilegt að ábati sé líttill fyrst um sinn og jafnvel neikvæður. Aftur á móti eru væntingar um að fjárfestingarnar skili hagnaði þegar tekur að líða á fjárfestingartímabilið.